

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2007/EES/31/08

frá 19. febrúar 2004

um breytingu á ákvörðun 2004/130/EB þar sem kveðið er á um tímabundna markaðssetningu tiltekins fræs af tegundinni *Vicia faba* L. sem fullnægir ekki kröfum í tilskipun ráðsins 66/401/EBE (\*)

(tilkynnt með númeri C(2004) 492)

(2004/164/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2003/61/EB<sup>(2)</sup>, einkum 1. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/130/EB<sup>(3)</sup> var markaðssetning í Bandalaginu á fræi af voryrkjum hestabauna, sem fullnægir ekki kröfum um lágmarksspírunarhæfni sem mælt er fyrir um í tilskipun 66/401/EBE, leyfð til 15. febrúar 2004 í samræmi við nánar skilgreinda skilmála og með fyrirvara um tiltekin skilyrði.
- 2) Tímabilið fram til 15. febrúar 2004, þegar leyft er að markaðssetja fræ sem vægari kröfur gilda um, nægir ekki.
- 3) Þar af leiðandi ber að framlengja leyfið og breyta ákvörðun 2004/130/EB til samræmis við það.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í 1. gr. ákvörðunar 2004/130/EB komi dagsetningin „31. mars 2004“ í stað „15. febrúar 2004“.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2004.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 77. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2004 frá 29. október 2004 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 20, 21.4.2005, bls. 4.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 23.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 37, 10.2.2004, bls. 32.